

25. mars 2004, 3. árg.

Ísland í hópi Evrópuríkja sem koma á formlegu ferðamálasamstarfi við Kína:

Búist við fjölgun kínverskra ferðamanna til Íslands

Vegna fréttu undanfarna daga um kínverska sendinefnd, sem ekki skilaði sér heim að Íslandsdvöl lokinni er rétt að fram komi að íslensk stjórnvöld vinna að því þessa dagana að koma á formlegu ferðamálasamstarfi við Kína, líkt og önnur Evrópuríki, eins og frá var greint í Stíklum 11. mars sl. Nýja samkomulagið leiðir til þess að Kínverjar geta farið í hópferðir til annarra landa sem venjulegir ferðamenn en eftirlit með endurkomu þeirra er hert og er á ábyrgð kínverskra ferðaskrifstofa.

Að undanfögnu hefur verið unnið að gerð samkomulags á sviði ferðamála milli Íslands og Kína, sem hafa mun töluverðar breytingar í för með sér. Samkvæmt núgildandi reglum geta Kínverjar því aðeins farið til útlanda að þeir séu í opinberri eða hálfopinberri sendinefnd, sem hefur fengið formlegt boð um að heimsækja fyrirtæki eða stofnanir í öðru landi.

Nýja samkomulagið leiðir til þess að Kínverjar geta farið í hópferðir til annarra landa sem venjulegir ferðamenn. Rúmlega fimm hundruð kínverskar ferðaskrifstofur hafa fengið sérstaka vottun, eða heimild, til að skipuleggja hópferðir til útlanda. Þátttakendur verða að vera að minnsta kosti fimm talsins en geta að sjálfsgöðu verið fleiri. Ferðaskrifstofurnar bera ábyrgð á því að fólkið skili sér heim til Kína á ný. Verði misbrestur þar á, missa þær heimildina til að skipuleggja hópferðir til útlanda.

Í febrúar á þessu ári gerði Evrópusambandið slíkt samkomulag við Kína og er búist við því að ferðalög Kínverja til Evrópu muni stórukast í kjölfarið. Evrópusambandið telur og að með samkomulaginu megi stemma stigu við ólöglegum innflytjendum frá Kína.

Ferðamálasamstarf eftir með samkomulaginu

Að sögn Gunnars Snorra Gunnarssonar, ráðuneytisstjóra í utanríkisráðuneytinu, er það ekki rétt, að Ísland sé að slíta öllu ferðamálasamstarfi við Kína eins og skilja má af umræðunni að undanfögnu. „Öðru nær. Við erum að efla þetta samstarf og vonumst til að geta skrifað undir áður nefnt samkomulag um miðjan apríl þannig að það geti tekið gildi sem fyrst, helst fyrsta maí, eins og raunin mun væntanlega verða um ýmis önnur Schengen-lönd. Áfram verður það svo um sinn, að danska sendiráðið í Peking sjái um útgáfu vegabréfsáritana vegna Íslandsferða og samvinna okkar við Dani í þeim efnum hefur verið

einstaklega góð. Hins vegar skipta íslensk stjórnvöld ekki lengur við þann aðila sem stóð fyrir heimsókn þeirri sem til umræðu hefur verið. Þrátt fyrir það að sá aðili hafði greiðan aðgang að kínverskum stjórnvöldum og naut meðmæla þeirra reyndist hann ekki traustsins verður.“

Kínverskum ferðamönnum fjölgar

„Það er ekki minnsti vafi á því“, sagði Eiður Guðnason, sendiherra Íslands í Peking, í samtali við Stiklur, „að kínverskum ferðamönnum sem leggja leið sína til Íslands mun fjölga mjög á næstu árum. Þetta nýja fyrirkomulag mun greiða fyrir auknum ferðamannastraumi. Það hafa held ég öll Evrópulönd lent í því að fólk sem til þeirra hafa komið frá Kína hefur ekki snúið til baka. Með nýja fyrirkomulaginu á að vera tryggt að til þess komi ekki.“

Ört vaxandi millistétt í Kína

Með batnandi efnahag og ört vaxandi millistétt verður vaxandi fjöldi Kínverja á faraldsfæti. Árið 2002 ferðuðust tæplega 16 milljónir Kínverja til útlanda. Eftir hálfan annan áratug er því spáð að hundrað milljón Kínverjar muni árlega leggja leið sína til annarra landa. Sendiráð Íslands í Peking hefur í góðri samvinnu við „Icelandair“ og Ferðamálaráð, hafið markvissa kynningu á Íslandi sem áhugaverðum áfangastað fyrir kínverska ferðamenn. „Maður verður vissulega var við vaxandi áhuga á Íslandi hjá Kínverjum. Þann áhuga eigum við að nýta til eflingar ferðaþjónustu á Íslandi“, sagði Eiður Guðnason, sendiherra, að lokum.

